

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – maí 2025

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,7%

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,7% og lækkaði úr 3,9% frá apríl. Í maí 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 7.697 atvinnulausir í maí, 4.494 karlar og 3.203 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 405 frá apríl.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 6,1% og lækkaði úr 7,0% frá apríl.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2%.

Alls komu inn 249 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í maí.


Atvinnulausir voru 7.885 í lok maí, 4.519 karlar og 3.366 konur.

Í maí 2025 gaf Vinnumálastofnun út 236 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 192 á höfuðborgarsvæðinu.

Í maí voru 268 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að áfram muni draga úr atvinnuleysi í júní og að atvinnuleysi verði 3,4%.

Þróun atvinnuleysis frá maí 2023 til maí 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði alls staðar á landinu frá apríl, mest þó á Vestfjörðum þar sem það fór úr 3,4% í 2,2%. Atvinnuleysi var 3,2% á landsbyggðinni í maí og lækkaði úr 3,7% frá apríl.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 1,8% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í apríl og maí.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á einu svæði á landinu í maí, það er á Suðurlandi, þar sem atvinnuleysi karla var 2,9% en atvinnuleysi kvenna 3,5%. Mestur var munurinn á atvinnuleysinu á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,2% en atvinnuleysi kvenna 1,4% og á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 4,2% en atvinnuleysi kvenna 3,6%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í maí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.885 í lok maí, 4.519 karlar og 3.366 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 397 frá apríllokum en atvinnulausum konum fækkaði um 124.

Alls voru 795 atvinnuleitandur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok maí og fækkaði um 86 frá apríl.


Alls höfðu 1.506 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí. Í maí 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.255 og nemur fjölgunin 251 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.996 í maí síðastliðnum en voru 1.929 í maí 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í maí nema í fjármála og váttryggingastarfsemi þar sem fjölgaði um tvo. Mest var fækkunin í ferðapjónustu þar sem fækkaði um 91, í byggingariðnaði þar sem fækkaði um 64 en einnig í gistipjónustu um 61.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.423 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok maí og fækkaði um 270 frá apríl. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 56% í lok maí.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.799 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Rúmeníu og Úkraínu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok maí 2025




Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í maí 2025 gaf Vinnumálastofnun út 236 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 192 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 143 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 93 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 47 leyfi. Þá voru gefin út 104 námsmannaleyfi og 38 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna þjónustustarfa eða 41%, 30% vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 12% vegna starfa verkafólks. Um 17% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgengið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsjúslu með. Í maí voru gefin út 131 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 85 einstaklingar, 13 fóru til Litáen, átta fóru til Spánnar og fimm til Lettlands. Þá voru gefin út 20 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 222 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 124 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 52% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 19% á Suðurlandi og einnig 12% á Suðurnesjum. Þá eru 17% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í maí 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í maí voru 268 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 169 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.